

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 27. TBL.

26. MARS 2010

Stóra upplestrarkeppnin haldin í 14. sinn

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði fyrir þetta skólaár fór fram í Hafnarborg í gærkvöldi fyrir fullu húsi að viðstöddum forseta Íslands og menntamálaráðherra. 18 fulltrúar nemenda í 7. bekkjum í átta grunnskólum bæjarins og Álftanesskóla fluttu mál sitt í bundnu og óbundnu máli.

Sérstaka viðurkenningu fyrir flutning sinn hlutu Hanna Lind Sigurjónsdóttir í Áslandsskóla (1. sæti), Ester Elísabet Gunnarsdóttir í Víðistaðaskóla (2. sæti) og Sverrir Bartolozzi í Álftanesskóla (3. sæti) - sjá mynd með fulltrúum skólanna.

Sömuleiðis voru veittar viðurkenningar fyrir þrjár bestu sögurnar í smásagnasamkeppni 8.-10. bekkinga í



Hafnarfirði og hlutu þessar verðlaunin: 1. sæti: Birna Stefánsdóttir í Lækjarskóla (Klukkuna vantar tvær mínútur í tvö) (mynd til hægri), 2. sæti: Anna Íris Pétursdóttir í Víðistaðaskóla (Glugginn) og 3. sæti: Elín Ósk Jóhannsdóttir í Víðistaðaskóla (Eftirvænting).



Margir á Barnakóramóti Hafnarfjarðar

Yfir 400 börn sungu í 14 kórum á Barnakóramóti Hafnarfjarðar sem var haldið í Víðistaðakirkju síðasta laugardag, 20. mars. Kórnum var skipt í tvo hópa, yngri og eldri börn, og voru þetta 11 kórar úr grunnskólum bæjarins og þrjár frá kirkjusöfnuðum í bænum. Auk þess sungu kórnir saman nokkur lög á báðum tónleikunum.

Mikil og góð þátttaka var á tónleikunum og var yfirfullt á fyrri tónleikunum þrátt fyrir að kórnum væri skipt í tvo hópa annað árið í röð. Þátttakendur voru tvöfalt fleiri en í fyrra.

Börn úr kórum á fyrri tónleikum syngja saman á Barnakóramótinu.



Skólaþróun

Skipulag kóramótsins í ár var í höndum tónmenntakennara Áslandsskóla og Setbergsskóla, þeirra Dönu Ívarsdóttur og Elísabetu Þ. Harðardóttur.



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 26. mars
202. fundur:

- Hagræðing í skólstarfi grunnskólanna. Samþykkt grunnviðmiðun um deildarstjórnun í grunnskóla. Skólaskrifstofu falið að semja viðmið um frekari úthlutanir til skólastjórnunar. Samþykkt úthlutunarviðmið til almennrar kennslu fyrir næsta skólaár. Umræða um innheimtu á gjöldum fyrir matarkostnað og dvöl í heilsdagsskóla.
- Hagræðing í Norðurbæ. Kynnt staða hjá vinnuhópi, sagt frá kynningarfundum og tillögum sem eru til umræðu. Samþykkt að senda beiðni um umsögn til skólaráða Víðistaðaskóla og Engidalsskóla sem verði tilbúin fyrir næsta fund ráðsins.
- Skrifstofustjóra Skólaskrifstofu þakkað fyrir framkvæmd Stóru upplestrarkeppinnar í vikunni.
- Erindi frá Félagi grunnskólakennara í Hafnarfirði vegna hagræðingar í kennslu. Samþykkt að fræðslustjóri hitti stjórn þess til að kynna stöðu mála.
- Lögð fram skýrsla frá Jafnréttisstofu vegna jafnréttisfræðsluverkefnis sem Hafnarfjörður tók þátt í.
- Samþykkt að veita Flensborgarskóla kr. 50.000 í styrk vegna stærðfræðikeppni fyrir grunnskólakennendur í bænum.

Tilkynning vikunnar

Næsta **Skólavefrit** kemur út að tveimur vikum liðnum eða eftir páskafri.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
9. apríl 2010

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Hópnús í **Engidalsskóla**: Í lok þemadaga skólans í síðustu viku var foreldrum boðið í skólann til að taka eitt stórt og gott hópnús með nemendum og starfsfólki. Eftir hópnúsið voru svo leikjastöðvar á skólalóðinni þar sem allir tóku þátt og skemmtu sér vel. Þemadagarnir gengu vel fyrir sig og voru að venju skemmtileg tilbreyting frá hefðbundinni kennslu, bæði fyrir nemendur og kennara. Allir þemadagarnir byrjuðu á því að nemendur skólans sameinuðust á skólalóð og fóru í hreyfistund en að því búnu fór hver nemandi í sína dagskrá sem var af margvíslegum toga. Farið var vettvangsferðir, s.s. göngu- og sundferðir, farið í skólahreysti og búnir til ávaxtabakkar í stofum svo eitthvað sé nefnt. Yfirskrift vikunnar var „Hreyfing og hollusta“.

Nemendur, foreldrar og starfsfólk í hópnúsi.



3. bekkingar sýndu söngleikinn *Fjár sjóðinn*



Leiksýning

Í vikunni sýndu 3. bekkingar í grunnskólum Hafnarfjarðar söngleikinn *Fjár sjóðinn* fyrir fullu húsi. Söngleikurinn er eftir Ólaf Beintein Ólafsson, tónmenntakennara (áður í Lækjarskóla) og íbúa í Hafnarfirði. Upphafið að verkefninu var að Ólafur gaf grunnskólunum söngleikinn í minningu Arnar heitins Gunnarsson, kennara við Lækjarskóla. Í vetur hafa síðan yfir 300 börn í 3. bekkjum grunnskólanna í bænum æft og sýnt söngleikinn í sínum skóla.



Myndirnar eru frá leiksýningunni *Fjár sjóðnum* í Víðistaðaskóla.

Loks hittust allir 3. bekkingar saman í Víðistaðaskóla og sýndu hann saman við undirleik Ólafs og forsöng Ingibjargar Aldísar, dóttur Ólafs.

